



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 25. SEPTEMBER 2024 // 36. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Almannavarnir funda í Vogum

Almannavarnarnefnd Suðurnesja utan Grindavíkur í samstarfi við Sveitarfélagið Voga boðar til upplýsingafundar með íbúum Voga í tengslum við jarðhræringar á svæðinu. Á fundinum munu m.a. fulltrúar Veðurstofunnar og Umhverfisstofnunar vera með erindi og sitja fyrir svörum.

Fundurinn verður haldinn í Tjarnarsal á fimmtudaginn næstkomandi, 26. september, og hefst klukkan 20:00. Fundinum verður jafnframt streymt. Upplýsingar um slóð á streymið voru ekki komnar áður en blaðið fór í prentun en nálgast má þær upplýsingar á vf.is þegar nær dregur fundi.



**Bóngóðir frændur hjá
Airpark í Sandgerði**



Fristundabændur í Grindavík ráku fé í réttir um síðustu helgi. Réttað var í Þórkötlustaðarétt á sunnudag en smölun hófst á föstudag og rekið var í hólf í Litla Hamradal, austan Grindavíkur. Þaðan var svo hóprinn rekin snemma á sunnudagsmorgun að Þórkötlustöðum þar sem dregið var í dilka. Sauðfé hefur fækkað talsvert á milli ára í Grindavík og búist við að enn færri fé verði á næsta ári. Nánar um réttirnar í blaðinu í dag og í Suðurnesjamagasíni á föstudag. Þar verður m.a. rætt við Bjarka Sigmarsson sem ætlar að bregða búi í ljósi stöðunnar. VF/Hilmar Bragi

Mikilvægt að koma upp vistheimili barna

■ Starfsmenn barnaverndar Reykjanesbæjar hafa þurft að hýsa börn heima hjá sér

Valgerður Björk Pálsdóttir, oddviti Beinnar leiðar í Reykjanesbæ, sagði á bæjarstjórnarfundum síðustu viku mikilvægt að setja á fót fjölskylduhús eða vistheimili barna og benti á að það væri lögbundin skylda sveitarfélaga. Í nýútkominni sameiginlegri skýrslu barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar kemur fram að þörf er fyrir slíkt heimili.

Í máli Valgerðar kom fram að nauðsynlegt væri að geta brugðist hratt og vel við þegar börn þurfa á bráðabirgða vistun að halda vegna vanrækslu, ofbeldis eða annarra óviðunandi aðstæðna á heimili sínu. Í fjölskylduhúsi væri hægt að tryggja að börn fái faglegan stuðning á meðan dvöl stendur, með sérþjálfuðu starfsfólki sem hefur þekkingu og færni til að mæta þörfum þeirra.

„Ég geri mér grein fyrir að rekstur á fjölskylduhúsi er kostnaðarsamur en bæði er það ódýrara

en að leita tímabundið í einkarekin úrræði utan sveitarfélagsins, og þessi upphæð sem kemur fram í skýrslunni er auðvitað ekki alveg lýsandi þar sem hægt er að draga frá þann kostnað sem fer í dag til vistforeldra. Svo má auðvitað velta fyrir sér samfélagslega kostnaðnum til framtíðar fyrir þessi börn og fjölskyldur þeirra og samfélagið allt, ef ekki tekst að vinna vel úr málum þeirra. Eflaust minnkar líka álagið á barnaverndarstarfsmenn sem hafa þurft að hýsa börn heima hjá sér í nokkrum tilfellum

þar sem ekkert annað var í boði, sem er auðvitað óboðlegt,“ sagði Valgerður m.a. í ræðu sinni á bæjarstjórnarfundinum.

Í skýrslunni koma fram ýmsar tillögur að lausnum á þessum áskorunum og sagði Valgerður að henni litist mjög vel á að sveitarfélög á Suðurnesjum verði í samstarfi um reksturinn á svona húsi. „Það er ljóst að þörfin á fjölskylduhúsi á Suðurnesjum er aðkallandi og koma þarf slíku úrræði á sem fyrst til að tryggja velferð og öryggi barna sem þurfa á þjónustunni að halda.“



Langtímaveikindi kosta um 200 milljónir á árinu

Kostnaður sem hlýst af langtímaveikindum starfsfólks menntasviðs Reykjanesbæjar stefnir í að verða 200 milljónir á árinu 2024 en árið 2023 nam þessi upphæð 136 m.kr.

Í ljósi kostnaðar sem áætlaður er í ár vegna langtímaveikinda starfsfólks menntasviðs Reykjanesbæjar vill menntaráð bæjarins leggja til að skoðaður verði fýsileiki þess að ráða inn starfsmann í mannauðsdeild Reykjanesbæjar sem hefur umsjón með mannauðsmálum menntasviðs. Með þessu er mögulegt að bæta líðan starfsfólks sviðsins og þannig lækka þann kostnað sem hlýst af langtímaveikindum starfsfólks sem stefnir í 200 milljónir á árinu 2024, eins og áður segir. Í máli Sverris Bergmanns, bæjarfulltrúa Samfylkingar, á síðasta bæjarstjórnarfundum kom fram að sambærileg sveitarfélög eru með fjóra til sex starfsmenn í mannauðsdeild.

Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar, sagði í bókun á bæjarstjórnarfundinum taka undir mikilvægi þess að ráða inn



starfsmann í mannauðsdeild Reykjanesbæjar. „Það þarf að greina þann vanda sem er nú til staðar hjá starfsfólki menntasviðs, hver er ástæðan á bak við öll þessi langtímaveikindi. Eins og staðan er í dag þá erum við að tala um 200 milljónir í greiðslu til starfsfólks sem hefur farið í langtímaveikindi. Miðað við þann kostnað sem hlýst af langtímaveikindum þá sjáum við að það endurspeglar starfsaðstæður kennara og það þarf svo sannarlega að hlúa betur að þeim,“ segir m.a. í bókun Margrétar.

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Skilgreina frístunda- byggð og íbúðar- byggð í Höfnum

Tvær aðalskipulagsbreytingar í Höfnum voru teknar fyrir á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar

I tillögu að breytingu á aðalskipulagi kemur fram að Hvammur verður með skilgreinda landnotkun sem frístundabyggð í stað opins svæðis og svæðis ætlað fyrir samfélagsþjónustu.

Við Seljavog 2a verða um 0,8 ha af 3,3 ha með skilgreinda landnotkun sem íbúðarbyggð ásamt hverfisvernd að hluta í stað opins svæðis og hverfisvernd að hluta sbr. gildandi þéttbýlisupprátt aðalskipulagsins.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundinum að tillagan verði send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu.

Fengu 204 umsóknir um sex lóðir

Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar sér fram á mikla vinnu við að úthluta sex lóðum við Tjarnabraut í Innri-Njarðvík. Alls bárust 204 umsóknir um þessar örfáu lóðir. Fara þarf yfir umsóknir og fylgiskjöl í samræmi við reglur um lóðaúthlutunir.

„Þar sem margir aðilar sóttu um sömu lóðirnar mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa og starfsmönnum umhverfis- og framkvæmdasviðs er falinn útdráttur milli gildra umsókna og leggja fyrir fund umhverfis- og skipulagsráðs til úthlutunar,“ segir í afgreiðslu ráðsins frá 20. september.



Byggja 450 íbúðir við Aðaltorg

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi við Aðaltorg í Reykjanesbæ verður send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu. Þetta var samþykkt á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar. Breyting á aðalskipulagi fyrir reit M12 Aðaltorg sem felst í því að stækka landnotkunarreit Miðsvæði 12 (M12) til norðurs og austurs um 4,25 ha og auka heildarbyggingarmagn í 100.000 m² með heimild fyrir 450 íbúðum, þar af 138 þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara. Með breytingu þessari mun nýtingarhlutfall fara úr 0,2 í 0,6.

Vinna að stefnu um starfsmanna- íbúðir og gistimöguleika starfsmanna

Tillaga að stefnu um starfsmannaíbúðir og gistimöguleika starfsmanna á framkvæmdasvæðum var tekin til umræðu á síðasta fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar.

Reykjanesbær og Suðurnesjabær í samráði við Kadeco leggja um þessar mundir fram tillögu að stefnu um starfsmannaíbúðir og gistimöguleika starfsmanna á

framkvæmdasvæðum, unna af VSÓ ráðgjöf í maí 2024. Tillagan er víða til umfjöllunar í stjórnkerfum sveitarfélaganna tveggja.

Mörg störf á Suðurnesjum tengjast ferðaþjónustu og mannvirkjagerð og þar á flugvallarsvæðið mjög stóran hlut. Mörg starfanna eru árstíðabundin. Til að mæta vinnuafsbörf á svæðinu hefur þurft að sækja erlent vinnuafl. Þessu

fylgir aukin eftirspurn á húsnæðismarkaði auk þess sem rýming Grindavíkur hefur aukið þörfina á húsnæðismarkaði enn frekar. Vinnuveitendur sem og sveitarfélögin hafa því leitað ýmissa leiða til að tryggja starfsfólki húsnæði til skemmri eða lengri tíma, segir m.a. í gögnum fundarins.

Frístundahúsabyggð og ferðaþjónusta að Gauksstaðum

Eigendur Gauksstaða í Garði hafa lagt fram tillögu að deiliskipulagi frístundahúsabyggðar undir ferðaþjónustu samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi framkvæmda- og skipulagsráðs 22. júlí sl. en gögn málsins hafa verið uppfærð síðan þá. Lagt er til að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar fái málsmeðferð vegna óverulegrar aðalskipulagsbreytingar og leggur til að bæjarstjórn samþykki að auglýsa þá niðurstöðu og senda tillögu til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun.

Þá er lagt til að bæjarstjórn heimili að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Gauksstaða að undanenginni ofangreindri breytingu á aðalskipulagi.



Tekjur Sandgerðis- hafnar aukast

Tekjur Sandgerðishafnar fyrstu sjö mánuði ársins voru 71,3 milljónir króna, á sama tíma 2023 voru tekjur 53,5 milljónir króna. Þetta kom fram á síðasta fundi hafnarráðs Suðurnesjabæjar.

Landaður afli janúar til ágúst var 7.994 tonn, á sama tíma 2023 var landað 6.527 tonnum.

Landanir voru 2.167 talsins tímabilið janúar til ágúst, á sama tíma 2023 voru alls 1.987 landanir.

Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

Dagforeldrar vilja kaupa hús fyrir tíu börn á Baugholtsróló

Andrea Atladóttir og Elín Ósk Einarsdóttir hafa sent bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ erindi varðandi heimild til afnota af lóð sem kennd er við Baugholtsróló og standsetja dagforeldraheimili þar. Starfsmenn verði tveir með alls tíu börn í ríflega 50 fermetra húsnæði. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

„Við höfum athugað með húsnæði hjá Reykjanesbæ en þar sem það er ekkert húsnæði fyrir okkur að fá, þá er þetta okkar lausn. Við höfum verið í sambandi við Húsasmiðjuna varðandi kaup á húsnæði og fundið hús sem er 52 fm og myndi henta best fyrir þessa starfsemi,“ segja þær í umsókninni og benda á að reglur geri ráð fyrir lágmarki 3,5 fermetrum á hvert barn.

„Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá starfsmönnum Reykjanesbæjar að þá skilst okkur að til að þetta gæti átt sér stað að þá þurfum við að fjárfesta í húsnæðinu sjálfar sem við erum tilbúnar að gera en förum fram á að Reykjanesbær geri undirstöður og tengingar klárar fyrir nýja húsið og allt sem



Húsið sem dagforeldrarnir vilja kaupa og setja á lóð Baugholtsróló.

þarf til að staðsetja húsið og hafa það nothæft á reit sem óskað er eftir á Baugholtsróló,“ segir jafnframt í umsókn Andreu og Elínar.

Stefnumót við Reykjanesvirkjun í tilefni afmælis

Í tilefni af því að í ár verða fimmtíu ár liðin frá stofnun Hitaveitu Suðurnesja, forvera HS Orku, býður HS Orka íbúum Suðurnesja og gestum þeirra á stefnumót við Reykjanesvirkjun þriðjudaginn 1. október næstkomandi kl. 17:30.

Farið verður í stutta göngu um athafnasvæði HS Orku við Reykjanesvirkjun undir leiðsögn starfsfólks. Að göngunni lokinni verður

boðið upp á léttan fróðleik og afmælishressingu inni á annarri hæð virkjunarinnar.

Gestir á öllum aldri eru hjartanlega velkomnir. Þar sem farið er að hausta bendum við gestum á að koma í hlýjum fatnaði og góðum skóm.

Hægt er að skrá sig á viðburðinn Stefnumót við Reykjanesvirkjun á vef HS Orku eða með því að mynda QR-kóðann með snjallsíma.



16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

VÍS

Velkomin í vöflukaffi

Við elskum að fá heimsóknir og þess vegna bjóðum við í vöflukaffi
föstudaginn 27. september kl. 13–15.
Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöflur.

Hlökkum til að sjá ykkur!



VÍS Reykjanesbæ, Hafnargata 57





Bjartur og rúmgóður salur fyrirtækisins þar sem hægt er að koma fyrir fimmtán bílum með góðu móti. Húsnæðið er vaktað allan sólarhringinn með öflugum eftirlitskerfi. Þá er bílasalurinn tengdur bónstöðinni, þannig að gott auga er haft með öllum mannaferðum.



Frændurnir Vilmondur Vilhjálmsson og Gunnar Borgþór Sigfússon í bónstöð Airpark í Sandgerði.

Bónstöð með hágæða bílageymslu í Sandgerði

„Við förum upphaflega í þetta með þá hugmynd að vera bílageymsla sem býður upp á þrif. Þegar við vorum að bíða eftir því að geymslusalurinn fyrir bílana yrði tilbúinn förum við í að þrifa bíla fyrir fólk í Sandgerði til að hafa eitthvað að gera. Það vatt þannig upp á sig að það varð alveg hellingur að gera í því. Fljótlega snérum við verkefninu við og erum í dag bónstöð sem býður upp á hágæða geymslu á bílum þeirra sem kaupa af okkur þrif,“ segir Gunnar Borgþór Sigfússon, ungur Sandgerðingur, sem rekur fyrirtækið Airpark í Suðurnesjabæ.

SUÐURNESJABÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Fyrir rúmu ári síðan var hafist handa við að umbreyta húsnæði fyrirtækisins við Strandgötu í Sandgerði. Þar hafði um árabil verið rekin sandblástursstarfsemi. Gunnar segir að það hafi verið tækifæri á markaðnum og það hafi vantað traust í þá þjónustu að taka bíla til geymslu fyrir fólk.

Fjölskyldufyrirtæki

Gunnar Sigfús rekur fyrirtækið og þeir eru tveir frændur sem starfa þar öllu jöfnu við þrif á bílum og að sækja og sendast með bíla. Þá eru foreldrar Gunnars einnig innan handar þegar álagið er mikið. „Við erum eiginlega bara stórt fjölskyldufyrirtæki.“

Þeir frændur leggja mikið upp úr vönduðum vinnubrögðum og taka að hámarki sex bíla á dag í alþrif og bón. Þá er einnig boðið upp á svokallaða keramik húðun (Coat) og hún tekur t.a.m. allan daginn og er mikil vinna.

Í bílageymslunni geta verið fimmtán bílar hverju sinni og rúmgtott fyrir bílana. „Við erum að bjóða upp á örugga vaktada geymslu,“ segir Gunnar Borgþór. Viðskiptavinirnir eru helst fólk sem er að fara í langar helgarferðir til Evrópu eða í sólina á Tenerife. „Fólk vill láta passa vel upp á bílinn sinn og fá hann tándurhreinann að flugstöðinni að loknu ferðalagi.“ Þeir frændur taka við bílum hjá fólkum við flugstöðina þegar fólk fer til útlanda og taka á móti fólkum og afhenda því bílinn við komuna aftur til landsins.

Lítið traust til bílageymslu

Gunnar Borgþór segir að nú sé lítið traust til fyrirtækja sem býður upp á bílageymslu. Airpark hafi verið að byrja starfsemi þegar fjölmiðla-

umfjöllun var mikil um aðila á markaði sem voru ekki að standast væntingar.

„Ég trúir því að það byggist upp traust með tímanum þegar fólk sér að allt sem við erum að bjóða stenst,“ segir Gunnar Borgþór.

Þrif á bílum hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þau eru ekki lengur sjoppubón og kústur. Mikil þróun hefur orðið í efnun til bílaþrifa og áherslan mikil á að varðveita lakkið á bílunum. „Mín tilfinning er að fólk hugsi betur um bílana sína í dag og er meðvitað um hvað er að fara að rispa bílinn. Með keramik húðun er líka hægt að hafa bílinn glansandi flottan miklu lengur.“

Fyrirtækið er með heimasíðuna airpark.is og Gunnar Borgþór hvetur fólk til að bóka í gegnum



Glæsileg aðstaða Airpark við Strandgötu í Sandgerði.

þá síðu, hvort sem það vill bílaþrif eða geymslu á ökutæki á meðan ferðast er til útlanda. Þeir sem eru af gamla skólanum geta einnig hringt og bókað.

Aðspurður um vinnudaginn segir Gunnar Borgþór að hann geti verið langur. Þeir frændur séu oft mættir í flugstöðina eldsnemma að morgni til að taka á móti bílum og séu að skila af sér bílum fram undir miðnætti sumu daga. Þá er verið að veita þjónustu alla daga vikunnar.

„Þetta er áttak á meðan við erum að byggja upp fyrirtækið og þá er þetta kannski ekki fjölskylduvænt. Ég er með fjögurra mánaða barn heima en ég var í vinnunni bæði laugardag og sunnudag og reyndar alla daga síðustu viku,“ segir hann og hlær.

Vildu leigja grasflötina undir bíla

Gunnar Borgþór er lærður flugvirki og var alltaf að þrifa bíla til að eiga pening með skólanum á námsárunum. Þannig hefur hann talsverða reynslu af bílaþrifum. Þá var hann að vinna hjá föður sínum í húsnæði fyrirtækisins við Strandgötu þegar starfsemi sandblástursfyrirtækisins var að mestu komin austur á Reyðarfjörð.

„Ég sat hérna einn daginn og spurði sjálfan mig hvað ég gæti gert hérna til að geta orðið minn eigin herra. Þá var bankað á hurðina og aðili spurðist fyrir um hvort hann gæti fengið leigða grasflötina við húsið til að geyma þar bíla. Ég neitaði því en hugsaði í framhaldinu að það væri örugglega

mikið að gera í þessu fyrst þeir væru farnir að banka hjá fólkum til að fá leigða lóðina fyrir bílageymslu. Ég hugsaði þetta aðeins lengra og velti fyrir mér að ef ég vildi láta geyma bílinn minn, vildi ég þá að hann væri bara einhverstaðar eftirlitslaus á einhverri lóð. Ég fór því á rúntinn og sá að það var bílað að gera í þessu og sá að það væri örugglega pláss á markaðnum. Svo byrjaði þessi neikvæða umræða. Ég hugsaði að það væri örugglega hægt að gera þetta heildarlega og bjó því til alvöru kynningu og seldi þabba þetta að setja húsið í þessa starfsemi. Það var enginn að bjóða upp á alvöru innigeymslu.“

Boltinn fór að rúlla hratt

Gunnar Borgþór segir að húsnæðið hafi verið tilbúið á undan heimasíðunni og hann hafi verið búinn að sópa sama gólfíð mjög oft og vantað eitthvað að gera á meðan heimasíða fyrirtækisins væri klárud. Hann hafi því farið í skólann og á helstu samkomustaði í Sandgerði og látið vita af því að hann tæki bíla í þrif. Boltinn fór þá að rúlla hratt og það varð hellingur að gera í bílaþrifum. Þetta hafi líka verið gaman, því hann kunnir þetta. „Svo hef ég verið að bæta við mig þekkingu í mössun og keramik húðun og við höfum farið á námskeið í því. Svo erum við á Youtube öll kvöld að læra nýjustu tækni.“ Hann segir líka að það hafi verið leiðinlegt að sækja skítugan bíl í flugstöðina og skila honum aftur skítugum. Það sé miklu skemmtilegri upplifun að skila tándurhreinum bíl og finna gleðina frá fólkum við að taka á móti glansandi bíll. „Við ákváðum því að breyta verkefninu þannig að við erum bara að geyma fyrir þá sem bóka þrif, þannig að Airpark er í dag bónstöð fyrir fólk sem vill láta þrifa bílinn og geyma.“

Þá er í boði að láta sækja bíla í þrif í Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ. Hægt er að skrá bíla í áskrift og þeir eru þá sóttir á ákveðnum tíma og skilað aftur glansandi finum. Margir nýta sér þetta og láta sækja bílinn að morgni í vinnuna til sín og taka við honum áður en farið er heim í lok dags.

Nánar má kynna sér þjónustu Airpark á heimasíðu fyrirtækisins, airpark.is.



Vilmondur Vilhjálmsson vinnur við þrif á bifreið.



Húsnæði fyrirtækisins við Strandgötu í Sandgerði.

Svansvottaðar vörur eru ódýrari með appinu

Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Svansvottaðar vörur eru betri fyrir umhverfið og heilsuna.



Í Nettó eru m.a. hreinlætis- og húðvörur frá Änglamark Svansvottaðar.



Sæktu appið og byrjaðu að spara!



Aflátturinn birtist sem inneign í appinu. Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is.

nettó

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



U H T S Ð Á R B I L L I V Ö G
 N R R G R Ö L G U F R A Ð Æ A
 D É I E J B S Í N A B A S É L
 R T A Ð K Ö G G U L L T B R A
 A T S S A K A L G N Ö E É S R
 R I A Ð Ú T U L A J V X Ó I L
 Ð R A L X K S R K E H T F T I
 Í Æ T A A E T U Ó F É I R Æ K
 T T B D R F P D L X Æ H U G I
 R U É S T Ú D L A T S T Ð L M
 U R G A S A U Ð F É Ö E Y Æ T
 T E R T P E N T R Æ P K É S T
 Á F L G S N Ú T R A N Á R A Ó
 L A T R U T F A K R A N G Ó R
 S X I R Í R U K S Ö R A R É P

SLÁTURTÍÐ
 RÉTTIR
 SÚPUKJÖT
 GALAR
 VILLIBRÁÐ
 TEXTI
 SAUÐFÉ
 ÞÓRKÖTLUSTAÐIR
 GÆS
 KÖGGULL

SALT
 KRAFTUR
 ÞÉRAR
 ÆÐARFUGL
 ÞRÓTTMIKIL
 HREKKUR
 YÐUR
 TAÐ
 STRAX
 RÖSKUR

Gangi þér vel!



Sjöppan Dorró (Þórðarsjöppa) árið 1975. Ljósmynd/Keflavík og Keflvíkingar

Sagnastund á Garðskaga á laugardaginn

■ 28. september 2024 kl. 15:00

Á komandi vetri eru áform um að halda áfram með sagnastund á Garðskaga. Laugardaginn 28. september kl. 15:00 verður sagnastund á veitingastaðnum Röstinni sem er á hæðinni ofan við Byggðasafnið á Garðskaga. Þangað koma þrjú Keflvíkingar og segja sögur frá uppvaxtarárum sínum í Keflavík. Þau eru Eiríkur Hermannsson, Helga Margrét Guðmundsdóttir og Jónas Ragn-

arsson. Þau munu ræða bernsku og æsku í Keflavík upp úr miðri síðustu öld. Á þessum árum var rúnturinn í Keflavík miðja alheims ungmenna á Suðurnesjum. Oft mikið um að vera. Bátar við bryggjurnar, fiskvinnsla og aðkomufólk í vinnu með heimafofki. Frelsi hjá börnum og unglingum, sem voru virkir þátttakendur í atvinnulífinu og höfðu frelsi til útileikja og íþróttar.

Kraftmikið mannlíf og öflugt atvinnulíf og samfélag. Athafnasöm ungmenni eiga minningar sem allt er í lagi með að greina frá áratugum síðar.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið og byggðasafnið verða opin.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f

Talsvert um að vera í höfnunum á Suðurnesjum

September liður áfram og stutt í að þessum fyrsta mánuði nýs kvótatímabils ljúki. Í höfnunum á Suðurnesjum er búið að vera nokkuð ágætt um að vera, sérstaklega í Keflavík og í Sandgerði. Í Keflavík hafa netabátarnir verið að landa, sem og Ásdís ÍS sem er á dragnót í Faxaflóanum, og í Sandgerði hefur verið nokkuð fjölbreytt um að vera. Færabátar, línubátar, dragnótabátar og síðan kom Pálína Þórunn GK þangað. Línubátarnir eru flestallir ennþá á Austur- og Norðurlandi, að undanskilinni Huldu GK sem kom suður til Sandgerðis en báturinn var búinn að vera á Skagaströnd.



Dúddi Gísli er búinn að við veida norðvestur af Sandgerði og hefur gengið ágætlega, kominn með 51 tonn í níu róðrum og mest 7,3 tonn í róðri. Nokkuð blandaður afli en af þessum afla eru 20 tonn af þorski, 17 tonn af ýsu og 12 tonn af löngu. Ef við kíkjum á bátana sem eru fyrir austan þá er Gísli Súrsson GK með 25 tonn í fjórum róðrum, Vésteinn GK með 62 tonn í níu róðrum, Auður Vésteins SU 86 tonn í ellefu róðrum og Fjölur GK 94 tonn í átta. Gísli, Vésteinn GK og Auður eru allir á Stöðvarfirði, Fjölur GK á Neskaupstað. Fyrir norðan eru flestir bátanna á Skagaströnd. Þar er t.d. Gulltoppur GK kominn með 42 tonn í átta róðrum, Geirfugl GK 61 tonn í níu róðrum, Hópsnes GK 62 tonn í tólf róðrum og Óli á Stað GK með 122 tonn í sextán róðrum. Margrét GK er ennþá á Hólmavík og er komin með 78 tonn í ellefu róðrum.

Það er nokkuð merkilegt með Óla á Stað GK, en Stakkavík ehf. sem gerir út bátinn sem og Gulltopp GK, Geirfugl GK og Hópsnes GK, að Stakkavík fékk glænýjan bát sem hefur legið við bryggju í Njarðvík. Sá bátur heitir Guðbjörg GK 6 og stóð til að hann myndi fara á veiðar núna á þessu fiskveiðiári. Báturinn hefur aftur á móti ekkert farið á veiðar og fékk til dæmis engum kvóta úthlutað núna. Samkvæmt heimildum mínum þá eru nokkur atriði sem hafa verið sett út á við bátinn, til dæmis að báturinn er verulega þröngur – mun þrengi að innan heldur en til dæmis Óli á Stað GK. Hvað svo sem verður þá væri nú flott að sjá þennan bláa bát fara til veiða, því að sjá svona utan frá þá er þetta nokkuð flottur bátur. Reyndar má nefna að þetta er þriðji báturinn í eigu Stakkavíkur sem hefur heitið þessu nafni, Guðbjörg. Báturinn sem í dag heitir Geirfugl GK hét um tíma Guðbjörg GK. Reyndar í ekki langan

AFLAFRÉTTIR
 Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is

tíma, hluta af árinu 2013 og fram á árið 2015. Aftur á móti þá gerði Stakkavík út einn af Kínabátunum, bát sem var eini Kínabáturinn sem var hannaður til þess að stunda veiðar með netum og hét sá bátur fyrst Ársæll Sigurðsson HF, þessi bátur var líka fyrsti báturinn af þessum Kínabátum sem var yfirbyggður. Árið 2016 eignaðist Stakkavík ehf. bátinn og fékk hann þá nafnið Guðbjörg GK. Var báturinn gerður út fram í júlí árið 2019 og hefur síðan legið í slippnum í Njarðvík. Í dag heitir báturinn Oddbergur GK og eigandi hans er Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Sá bátur er töluvert mikið stærri en nýja Guðbjörg GK því að nýi báturinn er krókabátur og um fjórtán metra langur en Oddbergur GK er 25 metra langur og því aflamarksbátur.

Nýja hraunbreiðan tæpir sextán ferkílómetrar

Gögn frá GPS-mælum sýna að landris í Svartsengi heldur áfram að mælast á jöfnum hraða. Líkanreikningar byggðir á þeim gögnum sýna einnig að kvikusöfnun undir Svartsengi hefur haldið áfram á svipuðum hraða síðustu vikur. Samkvæmt mælingum á landrisi og áætlan á hraða kvikusöfnunar svipar þróunin til fyrri atburða á svæðinu, segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands. Veðurstofan greinir frá að myndmælingateymi Náttúrufræðistofnunar og Landmælinga Íslands hefur unnið úr gögnum sem sérfræðingar Eflu söfnuðu í drónaflugi yfir gosstöðvarnar þann 11. September. Gögnin sýna að hraunbreiðan sem myndadist í síðasta eldgos, frá 22. ágúst til 5. september, var 61,2 milljón m³ og 15,8 km² að flatarmáli. Gögnin sýna að síðasta gos var það stærsta á Sundhnúksvígaröðinni frá desember 2023. Þykkasti hluti hraunbreiðunnar er staðsettur í kringum gíginn sem var virkur lengst af.

Grindvíkingar fulltrúar Suðurnesja á sjávarútvegssýningunni

Það var margt um manninn í Smáranum í síðustu viku þegar Íslenska sjávarútvegssýningin, Icefish, var haldin. Sýningin í ár var sú fjórtánda í röðinni en hún hóf göngu sína árið 1984 og fagnaði því 40 ára afmæli í ár.

SJÁVARÚTVEGUR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Þeir sem tengjast sjávarútvegi á einhvern máta vilja ekki láta sýninguna fram hjá sér fara en á henni má finna allt það nýjasta í tækjum, búnaði og þjónustu við sjávarútveginn.

Segja má að Grindvíkingar hafi verið fulltrúar Suðurnesja á sýningunni og var einn bás merktur Grindavík og nokkur grindvísk fyrirtæki þar að kynna sína þjónustu.

Mustad autoline var eitt þessara grindvísku fyrirtækja en eigandinn, Sigurður Óli Þórleifsson, er einmitt sonur stofnanda Íslensku sjávarútvegssýningarinnar, Þórleifs Ólafssonar.

Þessar sýningar mikilvægar

„Ég hef verið með í einhverri mynd síðan pabbi stofnaði sýninguna árið 1984. Þessar sýningar eru mikilvægar að mínu mati til að viðhalda viðskiptasamböndum og búa til ný. Það sem er kannski öðruvísi núna er að Grindavík er sameiginlega með bás og níu grindvísk fyrirtæki saman þar undir, ekki síst til að búa til samverustað fyrir Grindvíkinga. Ég held að mér sé óhætt að segja að þetta hafi lukkast vel, mjög margir Grindvíkingar kíktu við hjá okkur og það var gaman að hitti fólk sitt. Það er mikill fjöldi fólks sem rennir í gegn á þessum dögum og maður hittir flesta af sínum viðskiptavinum og vonandi að nýir bætist í hópinn.“

Það sem er nýtt hjá Mustad eru svokölluð pulsbeita, hún hefur virkað vel á ýsu og nýlega prófuðum við loðnupulsu, hún kom mjög vel út á steinbítsveidum fyrir vestan svo ég bind miklar vonir við þessa nýjung á komandi vertíð,“ sagði Sigurður að lokum.

Alþingismaðurinn Ásmundur Friðriksson lætur sig ekki vanta á svona samkomur.

„Það er alltaf gaman að koma á þessa sýningu, ég hittir hér gamla



Eyþór Reynisson hjá TG RAF.



Hermann Ólafsson í Stakkavík.



Páll Valur Björnsson frá Fisktækniskólanum.



Sigurður Óli Þórleifsson hjá Mustad Autoline.

félaga úr sjávarútveginum, gamla skipstjóra m.a. og sömuleiðis hitti ég útgerðarmenn og ég lít á þetta sem hluta af mínu starfi, að hitta fólk í landinu og hér hittir maður marga. Það er gaman að sjá framþróunina í sjávarútveginum, sumt sem mann hefði aldrei dreynt um að myndi gerast er orðið að veruleika í dag, maður spyr sig hvar þessi tækni muni enda,“ sagði Ási.

Fisktækniskólinn sýnir sig og sér aðra

Fisktækniskóli Íslands er rúmlega tíu ára gamall og hefur alltaf tekið þátt. Páll Valur Björnsson er einn kennara skólans.

„Þetta er auðvitað fyrst og síðast kynningarstarfsemi sem fer hér fram. Við erum alltaf með bás en svo kíkjum við líka á hina básana og sem umsjónarmaður grunnnáms fæ ég nafnspjöld hjá öllum þessum fyrirtækjum. Þetta hefur skilað góðum árangri hingað til og við munum halda áfram að taka þátt í þessari sýningu,“ sagði Páll Valur.

Fyrirtækið Klaki á sér 52 ára sögu, Grindvíkingurinn Óskar Pétursson hefur verið meðal eigenda að undanförnu.

„Klaci hefur alltaf starfað í kringum sjávarútveginn, við framleiðum færribönd, vinnslulínur,



róbótakerfi og ótal margt fleira en mikil þróunarvinna hefur átt sér stað á undanförnum árum. Þessi þróunarvinna hefur greinilega skilað sér því við fengum verðlaun í flokki minni fyrirtækja á sjávarútvegssýningunni, ég er mjög stoltur af þessari viðurkenningu. Þessi sýning er mikilvæg fyrir okkur, bæði hittum við núverandi viðskiptavinum og stofnum til nýrra sambanda, við munum held ég alltaf vera með,“ sagði Óskar.

Olís er vinur við veginn, Jón Gauti Dagbjartsson og Karen Lilja Hafsteinsdóttir hafa ekki áhyggjur af rafmagnsvæðingunni í bílaflotanum.

„Það felast tækifæri í rafmagnsvæðingunni, Olís er fyrirtæki sem er í stakk búið til að takast á við slíkar áskoranir. Olía og Bensín munu líklega aldrei hætta sem orkugjafar en stór hluti rekstrar Olís er í kringum sjávarútveginn og þess vegna er Olís alltaf með bás á sjávarútvegssýningunni. Olís er með mjög fjölbreyttar lausnir í alls kyns rekstrarvörum og við kappkostum að þjónusta sjávarútveginn vel,“ sögðu vinirnir.

TG RAF þjónustar sjávarútveginn

TG RAF var með bækistöðvar sínar í Grindavík en var á leiðinni með að opna útibú í Hafnarfirði þegar ósköpin dundu yfir í Grindavík fyrir tæpu ári síðan.

„Við vorum langt komin með að opna útibú í Hafnarfirði svo

hamfarnirnar höfðu ekki svo mikil áhrif á okkar starfsemi. Við vorum nokkrir sem höfum verið að vinna í Grindavík meira og minna síðan 10. nóvember í ýmsum verkefnum fyrir Almannavarnir en stór starfsemi TG RAF hefur alltaf verið í kringum sjávarútveginn og sú vinna hætti ekkert þótt allir þyrftu að flýja Grindavík, skipin komu bara annars staðar í land, segir Eyþór Reynisson, sviðsstjóri TG RAF.

Útgerðarmenn láta sjá sig

Útgerðarmenn láta flestir sjá sig á sýningunni, Hermann Ólafsson rekur eina stærstu smábátaútgerð Íslands, Stakkavík.

„Ég reyni alltaf að koma á þessa sýningu. Maður hittir mjög marga og ég á viðskipti við mjög marga vélar, línu og í raun allt sem snýr að sjávarútvegnum.“

Staða Stakkavíkur er þannig að húsnæðið er ónýtt og við erum byrjaðir á flutningi á tækjum og tólum yfir í Mölvík, sem er húsnæði skammt frá. Bátarnir okkar hafa verið að fiska fyrir norðan og landa á Skagaströnd, aflinn er m.a. unninn fyrir okkar kúnna hjá Nýfiski í Sandgerði svo við náum að halda okkar viðskiptasamböndum sem er auðvitað mjög mikilvægt. Ég vonast til að geta hafið vinnslu á nýju ári í Grindavík, nú förum við að byggja bæinn upp að nýju,“ sagði Hermann.

Einar Árni kominn hringinn í Njarðvík



Kominn með mikla þjálfarareynslu og hlakkar til að taka baráttuna með kvennaliði Njarðvíkur

„Ég er alger forréttindapési, mig dreymdi um að verða kennari og körfuknattleiksþjálfari, það gekk eftir,“ segir Einar Árni Jóhannsson, körfuknattleiksþjálfari og grunnskólakennari. Eftir að hafa prófað nýja hluti í þjálfun á nýjum stað, Egilsstöðum, ákvað fjölskyldan að snúa aftur heim til Njarðvíkur eftir þrjú ár fyrir austan og Einar hefur tekið við kvennaliði Njarðvíkur en auk þess þjálfar hann tvo yngri flokka. Sömuleiðis er hann kominn á gamla vinnustaðinn í Njarðvíkurskóla og er umsjónarkennari sjötta bekkjar.

VF ÍPRÓTTIR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Einar iðkaði allar íþróttir þegar hann var yngri og kannski þvert á það sem fólk myndi halda, entist hann lengst í knattspyrnunni en var þó byrjaður að þjálfra ungvíðið í Njarðvík í körfuknattleik. Hann einbeitti sér að þjálfun einn veturinn í stað þess að stunda útihlaup og lyftingar með knattspyrnuliði Njarðvíkur, ætlaði að taka þráðinn upp um vorið en fann að knattspyrnuneistinn var horfinn og síðan þá hefur körfuknattleiksþjálfun átt hug hans allan.

„Ég æfði körfu-, hand- og fótbolta jöfnum höndum en valdi síðan fótboltann og ætlaði mér feril á þeim vígstöðvum en um svipað leyti og ég valdi fótboltann, um sextán, sautján ára aldurinn, var ég farinn að þjálfra á fullu í körfunni. Straumhvörf urðu má segja 1997 þegar ég var tvítugur, þá var Friðrik Ingi Rúnarsson að taka við karlaliði Njarðvíkur og bauð mér að vera aðstoðarþjálfari sinn. Ég ákvað að taka frí frá fótboltanum þennan veturinn og ætlaði að fara að sprikla um vorið en fann eftir nokkrar æfingar að neistinn var farinn og ég ákvað að framlengja í pásunni, sem er ennþá í gangi. Ég geri ekki ráð fyrir að fá símtal úr þessu frá knattspyrnuliði, ég held að ég geti gefið atvinnumannadrauminn í knattspyrnu upp á bátinn úr því sem komið er.“

Grátlegasta tapið og fyrstu titlarnir

Eftir að Frikki var búinn að skóla Einar til í þrjú ár, fékk hann símtal frá Sveini Hilmarssyni, formanni kvennaráðs, og tók Einar við kvennaliði Njarðvíkur þegar liðið

var í fallbaráttu og náði að sigla fleyinu í höfn það tímabilið og þvert á allar spár, að koma liðinu í bikarúrslit.

„Við náðum að snúa genginu við og okkur tókst að forðast fallið og náðum líka að komast alla leið í bikarúrslitin í Höllinni. Við mættum KR og flestir gerðu ráð fyrir stórum sigri KR-inga og ef ég man rétt þá var stuðullinn á Lengjunni ansi skrautlegur. Víkurfréttir voru með spá fyrir leikinn og það



Ég ákvað að taka frí frá fótboltanum þennan veturinn og ætlaði að fara að sprikla um vorið en fann eftir nokkrar æfingar að neistinn var farinn og ég ákvað að framlengja í pásunni ...



Aðstoðarþjálfarinn í baksýn fylgist með Ölla heitnum lyfta Íslandsbikarnum 1998.



Logi var eins og hvalreki á fjörur Njarðvíkinga þegar hann sneri heim úr atvinnumennsku.

var einn maður sem spáði okkur sigri, Kobbí Hermanns, hann hafði fulla trú á okkur. Þetta var hörkuleikur og við töpuðum eftir framlengingu, ég held svei mér þá að þetta sé enn þann dag í dag eitt sárasta tap sem ég hef upplifað,“ segir Einar.

Einar tók tvö tímabil með konurnar, einbeitti sér svo að ungvíðinu og eftir að hafa verið öðrum Friðriki [Ragnarssyni] til aðstoðar með karlaliði Njarðvíkur, fékk hann karlasprotann í hendurnar í fyrsta skipti.

„Ég ræddi ekki einu sinni launaliðinn á fyrsta fundi með Hafsteini Hilmarssyni, þáverandi formanni, bara stökk á þetta og henti mér út í djúpu laugina sem hljómar kannski ekki vel hjá Steindóri, gamla sundkennaranum, því ég hef alltaf verið slakur sundmaður. Við unnum bikarinn á fyrsta tímabilinu en klúðruðum úrslitakeppninni og duttum út í átta liða úrslitum fyrir ÍR. Eftir þessi vonbrigði fékk ég traust stjórnar með framhaldið og við náðum vopnum okkar og urðum Íslandsmeistarar árið eftir, unnum Skallagrím í úrslitarimmunni, 3-1. Á lokaári mínu töpuðum við hins vegar fyrir KR í lokaúrslitum, 1-3 eftir að hafa orðið deildarmeistarar, það voru mikil vonbrigði. Ég ætlaði mér að halda áfram en þurfti að hætta vegna persónulegra ástæðna og færði mig yfir til Breiðabliks, kom þeim upp úr fyrstu deildinni og sigldi þeim svo

úrslitakeppnina á fjármálahrunstímabilinu en fannst keyrslan taka full mikinn tíma svo ég fór aftur heim og gerðist yfirþjálfari yngri flokka hjá Njarðvík.“

Þorlákshöfn

Eftir tvö ár í yfirþjálfarastarfinu svaraði Einar kalli uppeldisklúbbsins sem var í kröggum eftir fjármálahrunið, og tók við meistaraflokki karla ásamt Friðriki Ragnarssyni. Við tóku þrjú ár þar sem sonur Friðriks, Elvar Már, sprakk út og Logi Gunnarsson sneri heim eftir atvinnumennsku. Þegar samningurinn rann út árið 2014 tók Einar við Þór Þorlákshöfn í þrjú ár og kom þeim m.a. tvisvar sinnum í bikarúrslitin en þurfti að lúta í gras fyrir KR í bæði skipti. Enn og aftur kom kallið frá Njarðvík en þriðji kaflinn var þyrnum stráður.

„Við vorum 6-1 þegar Elvar kom óvænt heim úr atvinnumennsku haustið 2018. Við vorum 10-1 um jólin og vorum að spila mjög vel. Í lok janúar fórum við að hökta, náðum þó í „final four“ í bikarnum í Höllinni, lögðum KR í undanúrslitum en töpuðum fyrir Stjórnunni í úrslitaleik. Við náðum okkur ekki almennilega á strik eftir það og komum ekki í góðum gir inn í úrslitakeppnina. Við fengum ÍR-inga sem höfðu lent í sjöunda sæti og þrátt fyrir að hafa komist í 2-0, töpuðum við seríunni og það voru

gríðarleg vonbrigði. Árið eftir átti heldur betur að gera betur og ég vil meina að við höfum verið á góðu róli þegar hið bölvada COVID afskrifaði mótið. Tímabilið 2020–2021 var auðvitað markað COVID, það var tekin löng pása, byrjað aftur og svo aftur pása og auðvitað fórum við ekki verr út úr því en aðrir en þurftum þó að gera tvær breytingar þar sem tveir leikmenn báðust lausnar í langa stoppinu sem varði frá október til janúar. Þegar þrír leikir voru eftir vorum við í mikilli fallhættu, mótið var fánanlega jafnt og með því að sigra alla okkar leiki og með hagstæðum úrslitum, hefðum við getað komist upp í sjöunda sæti í deildinni. Við kláruðum okkar en mínir fyrrum félagar í Þorlákshöfn, töpuðu óvænt fyrir nöfnum sínum frá Akureyri á heimavelli og þar með fór draumur okkar um úrslitakeppni. Ef Þorlákshafnardrengir hefðu unnið þá hefðum við mætt þeim í úrslitakeppninni. Við unnum þá stórt í lokaumferðinni og ég trúir því að við hefðum farið í gegnum þá í seríu, við þösuðum vel við þá

en ef maður væri alltaf með þær frænkur Ef og Hefði með sér í liði, myndi maður alltaf vinna. Mínir fyrrum lærisveinar stóðu svo uppi sem sigurvegarar þetta tímabil og það gladdi mitt hjarta mikið þegar þeir lyftu Íslandsmeistaratitlinum,“ segir Einar Árni.

Kvæði vent í kross og heimkoma

Vorið 2021 ákvað fjölskyldan að vanda kvæði sínu í kross og Einar réði sig til Hattar á Egilsstöðum. Fór þar í nýtt hlutverk, var við hlíð Viðars Arnar Hafsteinssonar sem aðalþjálfari og þjálfaði líka yngri flokka hjá félaginu. Frábær tími sem fjölskyldan átti á Héraði og Höttur náði góðum árangri, komst t.d. í úrslitakeppnina í fyrsta skipti. Eftir þrjú ár þótti rétt að halda aftur heim.

„Það voru blendnar tilfinningar að yfirgefa Egilsstaði en hér í Njarðvík eigum við stóra fjölskyldu og langt fyrir ömmurnar t.d. að heimsækja barnabörnin austur. Það togaði líka að vera nær æskuvinum, ég fann það t.d. þegar



Einar Árni var bænheyrður en hann dreyndi um að verða kennari og körfuknattleiksþjálfari.



Einar og Gulla ásamt yngstu börnunum, Matthíasi Loga og Lisu Kamillu.

Örvar Þór vinur minn veiktist fyrir rúmu ári síðan. Þegar leið að vori kom í ljós að breytingar yrðu hjá Njarðvík. Rúnar Ingi Erlingsson, sem var búinn að gera frábæra hluti með kvennalið Njarðvíkur, var að fara taka við karlaliðinu og ég fékk símtal frá formanni körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, að fara í raun aftur í upprunann. Ég tek aftur við kvennaliði Njarðvíkur en þannig hófst meistara-

flokksþjálfunin sælla minninga. Ég og fjölskyldan erum ánægð að vera komin aftur heim og við Gulla duttum strax inn í kennslu, ég er umsjónarkennari sjötta bekkjar í vetur. Ég hef venjulega verið bæði íþróttakennari og kennt íslensku á unglingastigi svo þetta er ný reynsla fyrir mig en ég er bara spenntur fyrir henni. Ég áttáði mig ungur að árum að ég vildi gerast kennari og lít á mig sem nettan

forréttindapésa. Mig dreyndi um að gerast kennari og þjálfari körfuknattleik og ég er að gera báða hluti í dag.

Fjölskyldan er ánægð að vera komin heim, ég er spenntur fyrir vetrinum og hlakka til,“ sagði Einar Árni að lokum.

Ítarlega viðtal við Einar Árna mun koma á vef VÍKURFRÉTTA, www.vf.is.



Gölfhópur Einars, Sjóstjarnan. Einar stefnir á frekari lækkun á forgjöfni.

dagskrárgerðarfólk í hlaðvarp VF

HLAÐ
VARP
VÍKUR
FRÉTTA

Hefur þig dreynt um þitt eigið hlaðvarp en ekki tekið skrefið? Viltu taka þátt í umræðunni með okkur á VÍKURFRÉTTUM í vetur? Ertu til í að vinna við dagskrárgerð og taka upp einn þátt í viku eða kannski bara einn þátt í mánuði?

Hlaðvarp, eða Podcast, er ekki nýtt af nálinni. Við hjá VÍKURFRÉTTUM höfum bara verið í grunnu lauginni og birt þættina *Suður með sjó* sem hlaðvarp. Nú er komið að því að skella sér í djúpu laugina og bæta í hlaðvarpsflórana í vetur með nýjum þáttum – um allt milli himins og jarðar.

Ert þú til í að ganga til liðs við okkur og sjá um hlaðvarpsþátt? Við erum með nýtt stúdíó þar sem er aðstaða til að taka á móti gestum og ræða við þá á bak við hljóðnemann og/eða fyrir framan myndavélina.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessu þá máttu endilega senda okkur línu á vf@vf.is.



Sauðfé Grindvíkinga kemur af fjalli á sunnudaginn. Hér er það rekið framhá Hrauni, austan Grindavíkur. VF/Hilmar Bragi



VF/Ión Steinar Sæmundsson



Sauðfjárbúskapur lífsstíll Grindvíkinga

Grindvíkingar smöluðu um síðustu helgi og réttir fóru fram í Þórkötlustaðarétt á sunnudag. Þetta er mögulega í síðasta sinn í eitthvern tíma sem réttir verða þar. Það er ekki þar með sagt að grindvískir bændur séu að bregða búi eða leggja árar í bát. Réttir verða að ári nær sumarhaga kindanna og svo verður örugglega á meðan yfirstandandi náttúruvá er í og við Grindavík.

„Þetta hefur gengið ágætlega. Smalið gekk vel og niðurreksturinn gekk vel. Við fengum frábært veður í þetta í dag en síðasti vetur var okkur erfiður. Það er erfið að vera með þetta flakkandi hingað og þangað. Ég held að við höfum flutt þær fjórum sinnum síðasta vetur, alltaf á sitthvorn staðinn. Það er vonandi að sjá fyrir endann á þessu,“ segir Ómar Davíð Ólafsson, sauðfjábóndi, sem rekur félagsbú kennit við Bjarmaland með félagasinum, Bjarka Sigmarssyni.

En hvernig verður framhaldið?

„Það er góða spurning og fer eftir því sem móðir náttúra gerir. Ef þetta verður svona áfram og kemur upp á þægilegum stað þarna uppfrá þá erum við alveg hólpin hérna niðurfrá. Þá höfum við meiri áhyggjur af nágrönnum okkar í Vogum. Þetta verður allt í lagi, held ég.“

Grindvíkingar voru með tæplega 500 fjár á vetrarfóðrum og það hafi komið um 700 af fjalli. Það séu að-



eins færri kindur í ár en í fyrra og verði örugglega færri á næsta ári.

Ómar Davíð segir Matvælastofnun fylgjast með fristundaþendum í Grindavík. „Við reynum að vanda okkur. Við erum engir dýraníðingar. Ef það steðjar hætta að fénu þá förum við með það.“

Finnst þér vera skilningur á því sem þið eruð að gera?

„Alls ekki. Hvorki hjá Matvælastofnun né Almannavörnum. Á

þessu svæði sem við erum núna hér í Þórkötlustaðarétt er allt ósprungið og því skil ég ekki af hverju við megum ekki vera hér.“

Ómar Davíð og Bjarki Sigmarsson hafa verið með félagsbúið Bjarmaland. Bjarki ætlar að bregða búi núna en Ómar ætlar að halda ótrauður áfram. „Bjarki kemur kannski öflugur inn þegar jarðhræringum linnir. Það eru búnar að vera kindur á mínum bæ samfleytt í nær 100 ár. Það væri synd



að hætta því núna. Það er svo rosalega mikil hefð fyrir þessu núna á þessu svæði.“

Hvað er þetta að gefa þér annað en gott á grillið?

„Þetta er að gefa mér ánægju og mikla vinnu. Það er gaman af þessu og að halda í hefðina. Þetta er lífsstíll.“

Nánar er fjallað um réttirnar og rætt við fleiri sauðfjábændur í Suðurnesjamagasíni vikunnar. Þáttinn má nálgast á vf.is á föstudag.



Ómar Davíð Ólafsson, þessi í lopapeysunni, með gott tak á einni Bjarmalandssnót.



Hræddur við alla fugla

Guðjón Þorgils dreymir um að koma fram á stórum leiksviðum og á hvíta tjaldiru í framtíðinni. Hann er metnaðarfullur og stefnir á að ná langt sem söngvari og leikari. Guðjón Þorgils er FS-ingur vikunnar.



Hvers saknar þú mest við grunnskóla? Frelsis og einfaldleika.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í FS? Geta verið nálægt heimahögum.

Hver er helsti kosturinn við FS? Félagslífið, einnig er gott nemendafélag.

Hvað finnst þér um félagslífið í skólanum? Mér finnst félagslífið jákvætt og líflegt, alveg eins og maður vill hafa það.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Sædis Ósk því ég veit að hún verði eitthvað stórt í framtíðinni. Einnig held ég að Gabriela Zelaznicka verði líka fræg, hún er svo flott og dugleg í öllu sem hún gerir að ég trúi ekki öðru en að hún nái sínum markmiðum.

Hver er fyndnastur í skólanum? Shemariah Mitás, hún kemur manni alltaf í gott skap.

Hvað hræðist þú mest? Fugla, allir stærðir og gerðir.

Hvað er heitt og hvað er kalt þessa stundina? Gúrkusalat er heitt og blautir sokkar er kalt.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Die with a smile með Lady Gaga og Bruno Mars.

FS-ingur vikunnar:

Nafn: Guðjón Þorgils Kristjánsson

Aldur: 16 ára, fæddur árið 2008

Námsbraut: Vískafræði- og hagfræðibraut

Áhugamál: Söngur og leiklist

Hver er þinn helsti kostur? Ég er metnaðarfullur.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Það er Instagram.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Að verða söngvari og leikari.

Hver er þinn stærsti draumur? Að koma fram á stórum sviðum og leika í stórum þáttum og kvikmyndum.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það og af hverju? Ákveðinn, því ég gefst ekki upp.

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Freydís Ósk Sæmundsdóttir

Aldur: 15 ára

Bekkur og skóli: 10. TG Njarðvíkurskóli

Áhugamál: Baka og versla

Jákvæð og góðhjörтуð

Freydís Ósk Sæmundsdóttir er fimmtán ára nemandi í tíunda bekk Njarðvíkurskóla. Hún segir jákvæðni vera helsta kost sinn og væri til í að geta telepotað. Freydís er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Enska og íslenska.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Elísa Vals - áhrifavaldur.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Dettur ekkert í hug.

Hver er fyndnastur í skólanum? Torfi kennari.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? TELEK-INESIS (Travis Scott, SZA og Future).

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kjúkl-inganaggar.

Hver er uppáhaldsbíómyndin þín? Mamma Mía.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Síma, þyrlu og vinkonu.

Hver er þinn helsti kostur? Jákvæð.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Geta telepotað.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Jákvæðni og húmor.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Læra að vera lækni eða flugreyja.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Nei.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði, hvaða orð væri það? Góðhjörтуð.



LÝÐHEILSU- & FORVARNARVIKA

30. SEPTEMBER TIL 6. OKTÓBER

VIÐBURÐIR Á VISITREYKJANESBAER.IS

Fjöldi viðburða í Lýðheilsu- og forvarnaviku

Vikuna 30. september til 6. október er árleg lýðheilsu- og forvarnavika í Reykjaneshæð. Fjöldi heilsutengdra viðburða verður í boði fyrir bæjarbúa á öllum aldri. Markmiðið með lýðheilsu- og forvarnavikunni er að efla vitund og ýta undir heilbrigða lífshætti sem stuðla að bættri líðan og öflugri lýðheilsu bæjarbúa.

Fjölbreytt dagskrá verður í gangi alla vikuna, og ýmis tilboð í boði hjá fyrirtækjum og stofnunum Reykjaneshæðar sem taka virkan þátt. Meðal þeirra viðburða eru núvitundarganga í Njarðvíkurskógum, heilsufarsskoðun á Bókasafni Reykjaneshæðar, ókeypis sund í Vatnaveröld 4. október og frír jógaþimar í OM setrinu. Íþróttafélögin munu einnig bjóða upp á ókeypis æfingar og vinaviku, og líkamsræktarstöðvar verða með ýmis tilboð í gangi. Þá munu Nesvellir standa fyrir viðburðum fyrir eldri borgara.

Hægt er að kynna sér dagskrána í heild sinni á visitreykjanesbaer.is.

Við getum því öll fundið okkur hreyfingu við hæfi og nýtt okkur þann fjölda heilsueflandi viðburða sem verða í boði til að bæta heilsu okkar. Allir bæjarbúar eru hvattir til þess að taka þátt í lýðheilsu- og forvarnavikunni.



NÝBURAR



Drengur fæddur 5. september 2024 á Ljósmeðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Þyngd: 4.194 grömm. Lengd: 53 sentimetrar.

Foreldrar: Sigrún Sesselja Morthens og Kristinn Ingi Magnússon.

Þau eru búsett í Reykjaneshæð.

Ljós móðir: Jónína Birgisdóttir. Ljósmeðranemi: Margrét Ásta Ívarsdóttir.

timarit.is

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

timarit.is



Fulltrúar þeirra skóla og aðila sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að hefja vinnu við að gerast UNESCO-skólar á næstu tveimur árum.

Skólar á Reykjanesi sýna mikinn vilja til að bætast í hóp UNESCO-skóla á Íslandi

Sextán skólar hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að hefja UNESCO-skólaumsóknarferlið á næstu tveimur árum en kynningarfundur um innleiðingu UNESCO skóla í alla skóla á Reykjanesi var haldinn í Hjómahöll 4. september. Fulltrúum frá öllum skólum á svæðinu var boðið á fundinn ásamt aðilum tengdum Suðurnesjavettvangi.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Hvað felst í því að vera UNESCO-skóli?

„UNESCO-skólar skuldbinda sig til að vinna að verkefnum sem snúa að því að auka þekkingu á málefnum Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum. Langoftast eru þetta þverfagleg verkefni sem nýtast í ýmsum kennslustundum og passa vel inni í grunnþætti aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Flestir skólar vinna í dag fjölmörg verkefni á hverju starfsári sem styðja á einn eða annan hátt við innleiðingu Heimsmarkmiðanna svo umsókn um að gerast UNESCO-skóli er að stóru leyti aðeins alþjóðleg viðurkenning á því starfi og yfirlýsingu um að vilja bæta í slík verkefni á komandi árum,“ segir Sigrún Svafa Ólafsdóttir, verkefnastjóri fræðslumála hjá Reykjanes jarðvangi og GeoCamp Iceland.

Sigrún segir að það sé ánægjulegt að sjá hve margir ætla að vera með og tilbúnir að skrifa undir viljayfirlýsingu strax.

„UNESCO-skólaverkefnið er frábært verkfæri til að mynda góð tengsl við alla skólana, á öllum skólastigum í öllum sveitarfélögum á Reykjanesinu. Ég hef verið að vinna með kennum úr flestum skólum á svæðinu í ýmsum Evrópuverkefnum sem GeoCamp Iceland hefur haldið utan um, í samstarfi við til dæmis Samband

sveitarfélaga á Suðurnesjum og Reykjanes jarðvang. Í þeirri vinnu hefur komið fram mjög skýr þörf fyrir aukna samvinnu milli skóla og sýnt sig hvað öflugt tengslanet kennara getur skilað miklu inn í skólastarfið.“

Eva Harðardóttir, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, var þátttakandi á fundinum. Hún var himinlifandi yfir viðbrögðunum og talaði um að þessi samvinna um Heimsmarkmiðin væri einstök.

„Þetta verkefni er til fyrirmyndar fyrir annað svæðisbundið samstarf og samfélög á landinu sem vilja vinna að sjálfbærri þróun með því að efla staðbundna þekkingu og hnattræna vitund barna og ungmenna, en efling hnattrænnar borgaravitundar er einmitt eitt af meginmarkmiðum UNESCO-skólanetsins.“

„Við í undirbúningsteyminu gætum bara ekki verið ánægðari með viðbrögðin við þessari metnaðarfullu hugmynd sem kemur upprunalega frá Suðurnesjavettvangi,“ sagði Sigrún Svafa.

Aðdragandi verkefnisins UNESCO-skólar á Reykjanesi

Frá árinu 2019 hefur verið starfræktur samstarfshópur sveitarfélaganna fjögurra á svæðinu, ISAVIA, KADECOS og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samstarfshópurinn fékk nafnið Suðurnesja-

vettvangur og hefur á síðastliðnum árum haldið samráðsfundi og viðburði sem miða að því að stilla saman strengi í innleiðingunni.

Stór þáttur innleiðingar Heimsmarkmiðanna í hverju samfélagi snýr að skólunum og því mikilvæga starfi sem þar er unnið. Síðustu misseri hefur Suðurnesjavettvangur því verið að skoða með hvaða hætti vettvangurinn getur stutt við skólana og hjálpað þeim að efla það starf sem þegar er unnið innan veggja þeirra. Í þessari vinnu hefur umræða um UNESCO-skóla komið oftar en einu sinni upp sem aðgengileg leið til að styðja við markvissa vinnu með Heimsmarkmiðin. Segja má að staðsetningin á Reykjanesi sé einstök, þar sem allir skólar eru innan skilgreinds UNESCO-jarðvangs. Suðurnesjavettvangur leitaði því til Reykjanes jarðvangs um samstarf sem hefur samþykkt að koma af krafti að þessari vinnu og styðja við það háleita markmið að fá alla skóla á svæðinu með.

Hvað er Reykjanes jarðvangur/ Reykjanes UNESCO Global Geopark?

UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, viðurkenndi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. Í daglegu tali er talað um Reykjanes jarðvang eða Reykjanes Geopark. Reykjanes jarðvangur nær yfir sama landsvæði og sveitarfélögin fjögur á Reykjanesi. Þeir aðilar sem eiga aðild að Reykjanes jarðvangi og teljast stofnaðilar eru sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Bláa lónið, HS Orka, Þekkingarsetur Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja og GeoCamp Iceland.

UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægur á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun. Allir jarðvangar þurfa að hafa eitt-hvað einstakt á heimsvísu þegar kemur að jarðfræði. Reykjanes er einstakt vegna þess að það er staðsett þar sem Mið-Atlantshafshryggurinn kemur á land, og það endurspeglar allar þær jarðminjar og auðlindir sem hér eru. Í Reykjanes jarðvangi eru jarðminjar nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að vekja athygli og skilning á þeim brýnu úrlausnarvernum sem blasa við samfélagi okkar: Sjálfbærri nýtingu auðlinda, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig draga má úr áhrifum náttúruhamfara. Reykjanes jarðvangur vinnur einnig þvert á landamæri og er aðili að stóru alþjóðlegu tengslaneti í gegnum European Geoparks Network og Global Geoparks Network.

UNESCO skólar - næstu skref

„Ég er mjög spennt fyrir næstu skrefum, skólar hér á svæðinu eru allir að gera svo frábæra og spennandi hluti. Það að taka þátt í UNESCO skóla uppbyggingunni verður vonandi eingöngu til þess að gera alla flottu vinnuna þeirra enn sýnilegri í samfélaginu. Margir skólar skrifuðu strax á fundinum undir viljayfirlýsingu um að fara af stað með þetta verkefni á næstu tveimur árum og ég veit að hinir skólarnir eru að ígrunda þetta, það er alltaf hægt að bætast við og enginn er að missa af tækiferinu. Það stendur misvel á hjá skólum

”

UNESCO skólar skuldbinda sig til að vinna að verkefnum sem snúa að því að auka þekkingu á málefnum Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum. Langoftast eru þetta þverfagleg verkefni sem nýtast í ýmsum kennslustundum og passa vel inni í grunnþætti aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla ...

og mikilvægt að starfsfólk skólanna taki sameiginlega ákvörðun með hjartanu að fara af stað í þetta verkefni. Okkar von er sú að allir skólar á svæðinu sláist í hópinn á næstu tveimur árum. Umfang verkefnisins er mikið á landsvísu, á Íslandi eru í dag samtals 21 UNESCO skólar en ef allir skólar á Reykjanesi taka þátt, bætast 28 skólar við þá tölu. Til að þetta gangi vel er mikilvægt að samfélagið allt standi með okkur í þessu og því dýrmætt að nú þegar hafa margir stórir aðilar á svæðinu lýst því yfir að þau eru tilbúin til að styðja við þetta verkefni eftir bestu getu. Ef okkur tekst að mynda þetta stóra tengslanet milli skóla, skólastiga og sveitarfélaga þar sem jarðvangurinn er hlutlaus vettvangur til samskipta, er stór sigur unninn. Og samtímis að gera Heimsmarkmiðin sýnilegri í samfélaginu – það er markmiðið,“ sagði Sigrún Svafa að lokum.



Undirbúningsteymi fyrir UNESCO-skóla á Reykjanesi ásamt Evu Harðardóttur sem er formaður Félags sameinuðu þjóðanna á Íslandi (þriðja frá hægri) og Berglindi Kristinsdóttur sem er framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (önnur frá hægri).



Penninn á lofti þegar fulltrúar skólana skrifuðu undir viljayfirlýsingu.



Engin frístundahús að Stóra-Hólmi í Leiru

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar telur fyrirhugaða uppbyggingu við Stóra-Hólmi í Leiru ekki samræmast því sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar og hafnar því erindi sem barst ráðinu fyrir síðasta fund.

Þar óskar landeigandi eftir að fá að byggja frístundahús á jörð sinni, Stóra-Hólmi, samkvæmt gögnum sem fylgdu umsókninni. Stóri-Hólmur er á ódeiliskipulögðu svæði og í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íþróttasvæði. Þar er ekki gert ráð fyrir byggingu íbúðar-

né frístundahúsa en „svigrúm er til uppbyggingar og endurbóta í sátt við náttúru svæðisins,“ eins og segir í greinargerðinni.

Ráðið telur fyrirhugaða uppbyggingu ekki samræmast því sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi og hafnar því erindinu.

Mótmæli vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi á Gerðatúni efra

Bréf hefur borist frá íbúum í grennd við Gerðatún efra í Garði til framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar, stílað á skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar, þar sem mótmælt er nýrri tillögu að deiliskipulagi svæðisins og athugasemdir gerðar við málsmeðferð tillögunar.

Bréf frá íbúum var lagt fram á fundinum. Þá lagði skipulagsfulltrúi fram svarbréf sitt til íbúa í nágrenni Gerðatúns, segir í gögnum fundarins.



80 andlit við Garðskagavita

Skipihóll óskar eftir einstaklingum í Garðinum til að taka þátt í skemmtilegu verkefni fyrir næsta blað. Við leitum að einstaklingum sem eru fæddir á árunum 1944 til ársins 2024 fyrir hópmyndatöku fyrir framan vitann:

1944–1950, 1951–1960, 1961–1970, 1971–1980, 1981–1990, 1991–

2000, 2001–2010, 2011–2024. Einn einstaklingur frá hverju ári á þessu tímabili mun prýða forsiðu blaðsins saman á hópmynd.

Ef þú ert fædd/fæddur á þessu tímabili og vilt taka þátt, þá endilega hafðu samband við Guðmund Magnússon, ritstjóra Skipihóls, í síma 644 5412.

Endingargott og stílhreint útlit verði á bæjarskilti Suðurnesjabæjar

Málefni er varðar nýtt bæjarskilti Suðurnesjabæjar var tekið fyrir að beiðni B-lista á síðasta fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar. Jafnframt lögð fram gögn og tillögur er varða ný innkomuskilti í sveitarfélagið sem áður hafa verið lögð fram í ráðinu.

B-listi leggur fram eftirfarandi bókun og tillögu varðandi bæjarskilti við sveitarfélagsmörk og við innkomu í byggðarkjarna: Ásýnd og sýnileiki sveitarfélagsins er afar mikilvægur B-listanum.

„Til að bæta ímynd sveitarfélagsins og auka sýnileika þess leggur B-listi til að farið verði í hönnun á bæjarskilti við sveitarfélagsmörk og við innkomu í

byggðarkjarnana í Suðurnesjabæ. Skiltunum/hledslunum skal fylgja nafn og merki sveitarfélagsins ásamt því að tryggja að það verði upplýst. Möguleiki er á að nota steypu líkt og í Ölfusi eða grjót-hleðslu líkt og í Grindavík í bakgrunn skiltisins til að tryggja endingargott og stílhreint útlit.“

Bókun framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar: „Ráðið tekur jákvætt í tillögu B-listann. Samkvæmt þriggja ára fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir að verkefnið, Innkomuskilti við bæjarmörk Suðurnesjabæjar, verði á áætlun 2025. Umhverfissviðið falið að uppfæra eldri kostnaðar-áætlun verksins og gera ráð fyrir því í fjárfestingaáætlun næsta árs.“

Erlendur Friðriksson — minning

Það var erfitt að trúa því að kær bróðir minn og vinur væri látinn eftir erfið veikindi. Það hefur legið fyrir í nokkurn tíma eftir erfiða hjartaáðgerð í Svíþjóð fyrir tveimur árum að heilsufar Linda átti á brattann að sækja. Í daglegum samtölum okkar fann ég vel fyrir þeirri von bróður míns að heilsan færi að taka við sér og hann endurheimti orku og þrek. En þrátt fyrir góðar vonir og væntingar náði heilsa hans ekki að tryggja honum þau lífsgæði sem Lindi sóttist eftir.



Lindi var yngstur okkar bræðra frá Fagurhlíð í Sandgerði, þar sem lífið var leikur og mikið fjör á líflegu heimili. Þakkaratrik og hverskonar fíflangangur var það sem allt snerist um og hefðbundna leiki á bryggjunni og uppi í heiði. Í heiðina sóttum við sigin fisk í hjalla þegar það vantaði í soðið. Við erum alin upp á fiski og reglulega höfum við systkin frá Fagurhlíð borðað saman skötu og saltfisk.

Ég hef nýlega gefið út lífssögu mína og fékk þar tækifæri til að rifja upp æsku okkar í Sandgerði og ótrúleg uppeldisár. Þar eru bræður mínir stór hluti af skrautlegu lífi sem er svo algengt að ungir drengir í sjávarbyggðum tóku þátt í. Það rataði í fjölmíðla þegar Sæmi og Lindi ásamt fleiri drengjum fundu sprengju eftir Kanann í heiðinni skammt frá heimili okkar í Fagurhlíð. Það endaði með miklum hveli og hörmulegum afleiðingum. Sæmi bróðir missti fingur og kinnin tættist af andlitinu á Linda og hann lá vikum saman á sjúkrahúsi, hálf heyrnarlaus og blindur. Þær voru oft hættulegar aðstæður ólátabelgjanna í Fagurhlíð eins og lesa má í ótrúlegri sögu minni.

Lindi var níu ára gamall þegar hann fór í sveit í Kaldártungu í Vatnsdal og var þar í nokkur ár, sumar og vetur. Honum líkaði svo vel við lífið í sveitinni að síðar sótti hann nám í Bændaskólann á Hvanneyri og útskrifaðist þaðan sem búfræðingur. Hann ætlaði sér að verða bóndi en af því varð ekki. Á þeim árum reyndi ég að fá hann til að koma með mér á sjó, en sjómennska átti ekki við Linda bróður, en bílar og hjól stóðu honum nærri.

En það var stór áfangi fyrir okkur Linda þegar hann fékk bílprófíð. Þá vantaði mig alltaf bílstjóra til að harka með sjóarann alla daga og helgar þegar ég var í landi, sem var reyndar ekki oft. Þá fékk Lindi að keyra fína bíla sem ég átti og hvergi var dregið af við aksturinn. Jafnvel þegar ég fór að kaupa mér ný fót hjá Gulla í Karnabæ, keypti ég nýjan galla á bílstjóranum því hann varð að vera almennilegur til fara eins og eigandi bílsins.

Lindi bróðir fór varlega í fjármálum, hann var ungur maður kominn í rekstur með kaupum á dekkjaverkstæði sem hann og félagi hans ráku í nokkur ár í Keflavík. Eftir það var hann lengi að vinna á vörubíl, en lengst af keyrði Lindi leigubíl og stundaði leigubílaakstur til dauðadags.

Ég er þakklátur kærur bróður fyrir skemmtilega lífsgöngu sem er vörðud góðum minningum okkar og þakkaraskap. Nú harkar Lindi með himinskautum eins og svo oft í gamla daga og minningarnar um góðan dreng hrannast upp. Á kveðjustund votta ég sambýliskonu Linda og börnum hans mína dýpstu samúð.

Diddi



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Samfélagsleg ábyrgð

INFLÚENSU- OG COVID-BÓLUSETNINGAR 2024

Áhættuhópum er boðið upp á inflúensu- og/eða Covid-bólusetningar á eftirtöldum stöðum:

Hljómahöll í Reykjanesbæ, miðvikudaginn 9. október

Álfagerði í Vogum, föstudaginn 11. október

Varðan í Suðurnesjabæ, þriðjudaginn 22. október

Hljómahöll í Reykjanesbæ, þriðjudaginn 12. nóvember

ÁHÆTTUHÓPAR INFLÚENSU ERU:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
- Öll börn fædd 1.1.2020–30.6.2024 sem hafa náð sex mánaða aldri þegar bóluset er.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

ÁHÆTTUHÓPAR COVID ERU:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum eða eru ónæmisbæld af völdum lyfja eða sjúkdóma.
- Barnshafandi konur, eftir fyrsta þriðjung meðgöngu.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Bóluefnið er forgangshópum að kostnaðarlausu

Hægt er að bóka tíma á heilsuvera.is eða í síma 422-0500 á milli kl. 8–16.

Kveðja,
Heilsugæsla HSS



Kári Sigfússon, Sami Kamel og Ásgeir Helgi Orrason fagna seinna marki Keflvíkinga um helgina. VF/IPK

LANGUR LAUGARDAGUR framundan hjá Keflvíkingum

Það verður heldur betur nóg að gera næstkomandi laugardag í íþróttalífi Keflvíkinga. Bæði verða úrslitaleikir í knattspyrnu og körfuknattleik þennan dag svo það verður mikið annríki hjá stuðningsmönnum Keflvíkinga.

Dagskráin hefst fyrir klukkan 14:00 á Laugardalsvelli þar sem Keflavík og Afturelding mætast í úrslitaleik um sæti í Bestu deild karla í knattspyrnu á næsta ári.



Keflavík hefur haft ágætis tækja Aftureldingu í sumar og unnið báða leikina í Lengjudeildinni (samtafs 6:1). Þegar liðin mætst á laugardaginn hafa þeir leikir ekkert að segja og bæði lið berjast fram í rauðan dauðann um sæti í efstu deild að ári.



Ásgeir Orri Magnússon, markvörður Keflvíkinga, kom engum vörnum við í öðru marki ÍR.

ÓNÓTAHROLLUR

Kári og Kamel tryggðu Keflavík að lokum farmiðann í úrslitin

Keflvíkingar höfðu þriggja marka forskot fyrir seinni undanúrslitaleikinn gegn ÍR eftir 4:1 sigur í fyrri viðureigninni. ÍR-ingar voru hins vegar ekki búnir að jata sig sigraða, þeir höfðu náð þriggja marka foystu eftir riflega hálf tíma leik og þar með búnir að jafna einvígið.

Þegar þarna var komið við sögu var ónotahrollur farinn að gera vart við sig hjá mörgum Keflvíkingnum en Kári Sigfússon minnkaði muninn í uppbótartíma fyrri hálfleiks (45'+1) og Sami Kamel skoraði í seinni hálfleik (69') eftir góðan undirbúning Kára.

Leiknum lauk því 2:3 og Keflvíkingar fara áfram í úrslit á tveggja marka samanlögðum sigri (6:4).

Keflavík mætir því Aftureldingu í hreinum úrslitaleik um sæti í Bestu deild karla á Laugardalsvelli næstkomandi laugardag kl. 14:00.



Meistarar meistaranna í Blue-höllinni

Að loknum úrslitaleikum í knattspyrnu hefst körfuknattleiksveisla í Blue-höllinni þar sem Keflavík og Þór Akureyri mætast í Meistarakeppni kvenna og hefst sá leikur klukkan 16:30. Þegar búið er að útkljá hver er meistari meistaranna hjá konunum tekur við Meistarakeppni karla þar sem Keflavík og Valur eigast við, sú viðureign hefst klukkan 19:15.



Kári Sigfússon hefur látið til sín taka undanfarið en hann er markahæsti leikmaðurinn í umspili Lengjudeildarinnar. Kári skoraði þrjú mörk gegn ÍR og lagði auk þess upp mark Sami Kamel.

ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Hólmar Örn og Haraldur Freyr, þjálfarar Keflvíkinga, ræða málin áhyggjufullir á svip á hliðarlínunni.

Manni leist ekkert á blikuna í fyrri hálfleik

„Við hognuðum en brotnuðum ekki og náðum að klára þetta,“ sagði Hólmar Örn Rúnarsson, aðstoðarþjálfari Keflvíkinga, eftir seinni undanúrslitaleikinn gegn ÍR.

Hólmar, betur þekktur sem Bói, sagði jafnframt að það hafi verið mikilvægt að ná inn marki rétt fyrir hálfleik; „og ég verð að viðurkenna að það er langt síðan að ég hef verið jafn feginn að fá hálfleik.“

Bói vildi ekki meina að Keflvíkingar hafi mætt í leikinn fullir sigurvissu þótt það gæti hafa lítið þannig út en ÍR-ingar réðu lögum og lofum í fyrri hálfleik og stilltu heimamönnum þétt upp að veggnum fræga þegar þeir skoruðu þriðja mark sitt og jöfnuðu þar með einvígið.

„Við hömrðuðum á því alla þessa viku að þetta væri ekki búið, við þyrftum að

ná fyrsta markinu í þessum leik og þá gætu þeir kannski misst trúna - en það er svakalegt hjarta og stolt í ÍR-ingunum, þeir gefast aldrei upp og manni stóð ekki á sama allan leikinn.“

Að fara upp hlýtur að vera eina markmiðið í sjónmáli.

„Já, já. Þú ferð ekki á Laugardalsvöllinn og ætlar að sætta þig við eitthvað annað. Það verður bara bensínið í botn á næsta laugardag,“ sagði Bói meðal annars en allt viðtalið við hann má sjá í rafrænni útgáfu og á vef Vikurfrétta, vf.is.

KEPPIR Í GOLFI Á MACAU

- Meðal fimmtán bestu kylfinga úr röðum fatlaðra í heiminum í dag

Kylfingurinn Sigurður Guðmundsson úr Suðurnesjabæ keppti á heimsleikum Special Olympics sem fóru fram í Berlín síðasta sumar. Þar vakti Siggi athygli fyrir frammistöðu sína á golfvelli og í kjölfarið buðu mótshaldarar eins af sterkustu golfmótum fatlaðra í heiminum honum að keppa við þá bestu í Macau.

Sigurður er nú kominn ásamt hjálfara sínum til Macau og þeir nota tímann vel til að skoða sig um á meðan þeir bíða eftir að mótið hefjist. Keppni hefst á fimmtudag og henni lýkur á föstudag en leiknir verða tveir átján hlu hringir.

Það var hellirigning og þrjátíu stiga hiti þegar Víkurfréttir slógu á þráðinn til Sigga á Macau – en hvar er Macau nákvæmlega?

„Það er eyja út af Hong Kong,“ svarar Siggi eins og hann er jafnan kallaður. „Þetta var heilmikið ferðalag verð ég að segja. Ferðalagið tók mig svona sólarhring eða meira að komast hingað.“

Fyrir hvaða árangur varst þú valinn í þetta mót?

„Ég var valinn til að keppa í Macau Golf Masters, þar sem bara þeir bestu í heimi úr röðum fatlaðra fá að taka þátt. Ég var einn af fimmtán sem fékk boð um þátttöku á mótinu. Það komu fulltrúar frá Macau til Berlínar í fyrra þegar ég var að keppa á heimsleikum Special Olympics. Þeir sáu eitthvað í mér sem þeir töldu eiga erindi í þetta mót. Þannig að ég sýndi alla mína hæfileika til að geta tekið þátt.“

”
Ég var valinn til að keppa í Macau Golf Masters, þar sem bara þeir bestu í heimi úr röðum fatlaðra fá að taka þátt ...

Keppir gegn kylfingum frá öllum heimshornum

Ertu bara einn á ferð?

„Nei, Víðir [Tómasson], hjálfarinn minn sem fór með mér til Berlínar, er með mér. Ég bauð honum að koma með því hann er tengiliður við mótið hérna.“

Við notum tímann til að skoða okkur um hérna á meðan við venjumst tímamismuninum og biðum eftir að mótið byrji. Við fáum að skoða völinn á miðvikudaginn, þá verður tekin æfing og eitthvað svoléiðis, svo byrjar mótið á fimmtudaginn.“



Siggi og Víðir, hjálfari hans og kylfusveinn, á Leifstöð við upphaf ferðalagsins til Macau sem tók rúman sólarhring.

Frá hvaða löndum koma þeir sem þú ert að fara að keppa á móti?

„Þeir eru frá Finnlandi, Svíþjóð, Ástralíu, Bandaríkjunum, Hong Kong og fleiri stöðum – eiginlega frá öllum heimshornum.“

Ertu ekki spennur?

„Ég er rosaspenntur að fá að taka þátt í þessu móti. Ég er búinn að vera duglegur að fara út á völl og taka átján hlu í sumar, hef líka tekið aukaæfingar og verið duglegur að hreyfa mig – þannig að ég myndi segja að ég sé í toppformi,“ sagði Siggi að lokum.

Siggi nýtur lífsins og skoðar sig um á Macau en þar er margt sem gleður augað eins og meðfylgjandi myndir sýna.



Sandgerði, fallega Sandgerði

Það hefur stundum komið yfir mig löngun til að skrifa eitthvað um bæinn minn Sandgerði, núna Suðurnesjabæ. Þegar ég hef verið spurður um hvar ég eigi heima hef ég ávallt svarað: „Ég á heima í Sandgerði, fallegasta bæ á Íslandi“. Þegar ég fluttist til Sandgerðis í maí árið 1964 fyrir nákvæmlega 60 árum fannst mér ég koma inn í nýjan og framandi heim. Hafandi átt heima í Reykjavík og á Akureyri, var sjávarplássíð Sandgerði gjörólíkt öllu sem ég átti að venjast. Þetta var dálítið eins og að koma nokkra áratugi aftur í tímann, en góð reynsla fyrir ungan mann. Allar götur bæjarins voru holóttar malargötur og fátt var um gangstéttar. Sumar götur voru meira að segja sundur grafnar langtímum saman vegna lagnavinnu og þess háttar. Daglegt líf gekk meira og minna út á útgerð og fiskvinnslu og fisklyktin og bræðslufílan (peningalyktin) lágu í loftinu dögum saman. Frystihús, fiskverkanir



og beitningaskúrar voru víða um bæinn og höfnin iðaði af lífi alla daga þar sem um og yfir 100 bátar voru gerðir út. Já allt var öðruvísi en ég átti að venjast. Samt var eitthvað heillandi og skemmtilegt við að kynna allt öðruvísi tilveru en ég hafði búið við áður.

Við Lóa fórum að búa á neðri hæðinni í Baldurshaga (Suðurgötu 1) hjá tengdforeldrum mínum, Mikku og Gauja. Ég fór á sjóinn á fiskitroll með tengdababba, Jóhanna fæddist í september og ég fór um það leyti að vinna hjá Jóni Axels í Nonna og Bubba. Já tíminn leið undur hratt. Kannski meira um fyrri árin síðar, en nútíminn er líka áhugaverður.

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á því sem hefur verið að gerast í bænum og þess vegna lengi vel tekið virkan þátt í bæjar-málunum á ýmsan hátt. Ég var í hreppsnefnd á árum áður, var slökkviliðsstjóri í 14 ár og ég var í ýmsum nefndum og ráðum þar sem framtíð bæjarins mótaðist.

Ég hef tekið þátt í kosningastarfi frá árinu 1966, áður en ég fékk kosningarétt sem þá miðaðist við tuttugu ára aldur. Eitt af því sem ég var mjög fylgjandi (og er enn), var að stækka og efla bæinn með sameiningu við önnur sveitarfélög. (Stundum verið skammaður af vinum og félögum fyrir það). Þess vegna var ég ánægður með sameininguna við Garðinn árið 2018. Ég hef reynt að fylgjast með gangi mála og margt hefur tekist vel, en eins og stundum er sagt, alltaf er eitthvað sem hægt er að gera betur.

Þegar mig langar til að fá meiri upplýsingar um einstök mál, þá hef ég stundum sent fyrirspurnir til stjórnenda bæjarins og jafnan fengið góð svör.

Hér nefni ég núna tvö dæmi sem ég sendi í mars á þessu ári. (Meira síðar)

Spurningar um framtíðarsjóð.

a. Er það rétt að til sé svokallaður (300 mkr.) framtíðarsjóður Garðs sem er sérstaklega eyrnamerkur einhverjum verkefnum í Garði og megi

fjármunir í sjóðnum alls ekki notast í Sandgerði?

b. Ef þetta er rétt, eru þá fleiri sérhagsmunir til staðar sem eru eyrnamerkir öðrum hvorum eða báðum byggðakjörnum, Sandgerði og Garði?

Svar frá bænum var eftirfarandi:

Meðal eigna Suðurnesjabæjar er Framtíðarsjóður sem er ávaðaður sérstaklega í samræmi við samþykktir hans. Þessir fjármunir eru eign sveitarfélagsins og ekki eyrnamerkir einstökum verkefnum frekar en aðrar peningalegar eignir sveitarfélagsins.

Spurning um fasteignagjöld (vegna mikilla umræðna um málið)

Ýmis sveitarfélög nota lægri álagningarprósentu vegna fasteignagjalda en notuð er hér í Suðurnesjabæ. Venjuleg fyrirtæki geta almennt ekki fyrirfram ákveðið tekjur sínar frá viðskiptavinum. Sveitarfélög hafa hins vegar rúmt svigrúm til þess að ákvarða tekjur sínar. Það er brýnt að fara vel með það vald. Miklar hækkningar, langt

umfram verðlagsþróun íþyngja mörgum.

a. Spurningin er, stendur til að lækka álagningu fasteignaskatts fyrir árið 2024?

Svar frá bænum var eftirfarandi:

Álagningarhlutfall fasteignaskatts fyrir árið 2024 var ákveðið við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2024 og ekki stendur til að gera breytingar á því.

Hugur minn stendur til þess að skrifa meira um málefni bæjarins og koma á framfæri fleiri spurningum sem ég hef sent og fengið svör við. Það má alveg þakka fyrir allt sem vel er gert og einnig má gera athugasemdir við það sem gera má betur. Að lokum núna vil ég segja, að það eru forréttindi að fá að búa í góðu og fallegu bæjarfélagi.

Bestu kveðjur,
Jón Norðfjörð
(loagnonni@gmail.com)



Hafnargata 33 í Keflavík sem mögulega mun víkja fyrir nýrri byggingu. VF/Hilmar Bragi

Nýjabió verði rífið og háhýsi byggt

Nýjabió við Hafnargötu í Keflavík verður rífið og þar byggt hús upp á fimm hæðir auk kjallara og bílageymslu, nái hugmyndir eigenda húsnæðisins fram að ganga.

Nordic Office of Architecture, fyrir hönd eigenda Sambíó í Reykjanesbæ, fer þess á leit við Reykjanesbæ með erindi dagsettu 11. september 2024 að fá að rífa núverandi byggingu á lóðinni að Hafnargötu 33 og fá þess á stað að skipuleggja og reisa á umræddri lóð byggingu er mundi hýsa verslun og þjónustu

á 1. hæð íbúðir á 2., 3. og 4. hæð auk íbúða á inndreginni 5. hæð. Í kjallara yrðu geymslur og bílarkjallari sbr. meðfylgjandi tillögu dags. 9. september 2024.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar tók erindið fyrir í síðustu viku og vísaði því í vinnu deiliskipulags við Hafnargötu.

Stór alþjóðleg ráðstefna evrópskra jarðvanga haldin í Reykjanesbæ

Alþjóðleg ráðstefna evrópskra jarðvanga verður haldin í Reykjanesbæ dagana 2.-4. október 2024. Ráðstefnan er sú sautjándi í röðinni og er skipulögð af Reykjanes jarðvangi í samstarfi við netverk evrópskra jarðvanga (EGN). Yfir 350 erlendingar gestir frá öllum heimshornum munu taka þátt, ásamt fjölda innlendra fræðimanna og sérfræðinga. Aðaláherslan er á sjálfbæra nýtingu jarðfræðilegra svæða og jarðvangar sem verkfæri til verndunar náttúru og menningar.

Dagskráin er fjölbreytt, með yfir 200 erindum og vinnustofum, þar sem rædd verða mál efni eins og verndun jarðminja, nýsköpun í ferðaþjónustu og hvernig jarðvangar geta stuðlað að aukinni vitund um loftslagsmál og náttúruvernd. Íslenskir og erlendir sérfræðingar munu deila reynslu og rannsóknnum á sviði jarðfræði og samfélagsþróunar.



Að loknum erindum og vinnustofum, þann 4. október, verður boðið upp á kynnisferðir um einstaka náttúru og jarðfræði Reykjanes. Gestir fá tækifæri til að skoða jarðfræðilega sérstöðu svæðisins og hvernig jarðvangar geta nýst í sjálfbærri ferðaþjónustu.

Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur til að efla þekkingu, miðla reynslu og skapa tengslanet jarðvanga um allan heim, með áherslu á náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu auðlinda, segir í tilkynningu frá Reykjanes jarðvangi.



Mundi

Það er þá ljóst að þessi (SAM)bíómynd verður með sorglegum endi.



Nýr leikskóli að Skólavegi 54, í Hlíðarhverfi Reykjanesbæ.

Undirbúa niðurrif leikskólans Garðasels

Engin starfsemi verður í Garðaseli þegar nýr leikskóli á Skólavegi 54 verður tekinn í notkun. Mikilvægt er að undirbúa vel þær hugmyndir sem ratað hafa á yfirborðið en þar má helst nefna rif á núverandi húsi og nýbygging en þá er horft til hönnunar á Skólavegi sem þykir vel heppnuð.

Þetta kom fram á síðasta fundi stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar þar sem Hreinn Ágúst Kristinsson, deildarstjóri eignasýslu, fór yfir skýrslu frá Verksýn um ástandsskoðun á leikskólanum Garðaseli. Stjórn Eignasjóðs samþykkir fram komna tillögu um að undirbúningur verði hafinn við niðurrif húsnæðisins.

Kill them with kindness!

Á hvaða leið erum við? Undanfarnir mánuðir og jafnvel ár hafa sýnt okkur að við erum ekki á þeirri leið sem við helst vildum vera. Átakanlegir atburðir hafa orðið til þess að við erum nú neydd til að horfa inn á við og gera upp við okkur hver við viljum vera og hvernig við viljum vera sem þjóð.

Við erum farin að gera óhollar kröfur til okkar sjálfrá og þeirra sem í kringum okkur eru. Vandamálin einskorðast ekki við unga fólkið, heldur samfélagið allt. Efnishyggtan og tæknin hefur tekið

yfir líf okkar, um leið og tíminn til að sinna hvort öðru hefur minnkað. Við tölum varla saman, eða hittumst nema í gegnum tölvuþótsamskipti, Tik Tok eða á Facebook.

Nýkjörinn forseti, Halla Tómasdóttir, hefur vakið máls á stöðunni. Hún vill fara nýjar leiðir, knúsa hvert annað um leið og við förum að hlusta betur á hvert annað og sýna meiri skilning. Hún vill beita nýju vopni í baráttunni, því máttugasta af þeim öllum. Kærleiknum.

Það krefst æfingar að beita slíku vopni. Við þurfum að láta af allskonar dómhörku í garð náungans. Átta okkur á að hans upplifun af lífinu kann að vera allt önnur er okkar. Læra að virða það. Komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Lífið þarf ekki alltaf að vera flókið. Við getum með sameiginlegri lífssýn breytt samfélagi okkar til betri vegar. Verið góð hvert við annað og sýnt hvort öðru virðingu í öllum gjörðum okkar. Við getum líka breytt þeim sem ekki vilja

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

gangast undir sameiginlega sáttmála okkar. Kill them with kindness.

vfs.is

1997

27 ÁR

2024

AFMÆLIS
TILBOÐ

GEGGJUÐ TILBOÐ
OG AFSLÆTTIR

27% AFSLÁTTUR
AF 27 VÖRUM

VERKFÆRA
SALAN

FITJABRAUT 2 • 260 REYKJANESBÆ • SÍMI 421-4980 • vfs.is



Sjáðu afslætti og tilboð á vfs.is